**Hvers konar þekking á sviði verk- og tæknigreina styrkir stöðu einstaklinga á vinnumarkaði á Suðurlandi og mætir þörfum atvinnulífsins?**

**Greining og ábendingar.**

**Nóvember 2014**

# TÆKIFÆRI

## Hvers konar þekking á sviði verk- og tæknigreina styrkir stöðu einstaklinga á vinnumarkaði á Suðurlandi og mætir þörfum atvinnulífsins?

## Greining og ábendingar.

**R3-Ráðgjöf ehf., fyrir**

**Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi,**

**SASS; Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og**

**Vinnumarkaðsráð Suðurlands**

**Nóvember 2014**

**Efni**


Inngangur....5

Hvaða þekking á sviði verk- og tæknigreina styrkir stöðu einstaklinga og mætir þörfum atvinnulífsins....7

Unga fólkið og væntingar þess....8

Samræðan við atvinnulífið....9

Ferðaþjónusta. Verslun og þjónusta....10

Byggingariðnaður....22

Málm- og véltækniiðnaður. Bílgreinar. Tæknigeiri....23

Matvælaiðnaður og nýsköpun....24

Ylrækt og garðyrkja....28

Menning og skapandi greinar....32

Ábendingar um áherslur og samráð....36

Kannanir....39

Nemendur grunnskóla (10. bekkur)....41

Foreldrar nemenda i 10. bekk grunnskóla á Suðurlandi....65

Nemendur í framhaldsskólum á Suðurlandi....93

# Inngangur

Eftirfarandi greining á þörf fyrir þekkingu og menntun á sviði verk- og tæknigreina á Suðurlandi er unnin af R3-Ráðgjöf ehf. fyrir Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi og SASS; Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Gísli Sverrir Árnason ráðgjafi stýrði verkefninu en Sandra D. Gunnarsdóttir verkefnastjóri hjá Fræðslunetinu og Kristín Hreinsdóttir verkefnastjóri hjá SASS unnu náið með honum.

Vinna við greininguna fór fram á tímabilinu september-nóvember 2014 en undirbúningur verkefnisins hófst fyrr. Auk Fræðslunetsns og SASS komu ýmsir aðilar að verkefninu með formlegum eða óformlegum hætti. Í verkefnisstjórn þessa samstarfsverkefnis sátu, auk Söndru og Kristínar þau Ásmundur Sverrir Pálsson frá Fræðslunetinu, Þorvarður Hjaltason frá SASS, Olga Lísa Garðarsdóttir frá Fjölbrautaskóla Suðurlands, Ragnheiður Hergerisdóttir frá Vinnumálastofnun á Suðurlandi, Gils Einarsson frá Verslunarmannafélagi Suðurlands, Þór Hreinsson frá Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi, Gunnar Bragi Þorsteinsson frá Tölvu- og rafeindaþjónustu Suðurlands, Sigurður Þór Sigurðsson frá Atorku og Ólafur Ástgeirsson frá Iðunni-fræðslusetri.

Við undirbúning verkefnisins var ákveðið að láta hana ná, að þessu sinni, til fárra vaxandi atvinnugreina á Suðurlandi svo sem ferðaþjónustu, byggingariðnaðar, matvælaframleiðslu og garðyrkju.

Í tengslum við greininguna var rætt við um 40 einstaklinga úr ólíkum áttum atvinnulífs og fræðslustarfs á Suðurlandi. Samræður þessar fóru fram á fundum með einstaklingum eða smærri hópum og með viðtölum við fólk í síma. Enginn þeirra sem leitað var til baðst undan þátttöku.

Þá bárust rúmlega 1000 svör í netkönnunum meðal nemenda og foreldra sem fram fór á vegum verkefnisins. Kannanirnar voru sendar út með milligöngu grunnskóla og framhaldsskóla á svæðinu og eru svörin ekki persónugreinanleg. Þar af leiðandi voru kannanirnar ekki háðar leyfi Persónuverndar.

Greiningin nær til alls Suðurlands. Ýmis gögn og sambærileg verkefni voru höfð til hliðsjónar við undirbúning greiningarinnar.

Þátttakendum í verkefninu eru færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt.

20. nóvember 2014,

R3-Ráðgjöf ehf.

## Hvaða þekking á sviði verk- og tæknigreina styrkir stöðu einstaklinga og mætir þörfum atvinnulífsins?

| | Ferðaþjónusta Verslun og þjónusta | Byggingariðnaður | Málm- og véltækniiðnaður. Bílgreinar. Tæknigeiri | Matvælavinnsla og nýsköpun | Ylrækt og garðyrkja | Menning og skapandi greinar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þekking eða leiðir sem styrkja stöðu einstaklinga á Suðurlandi og mæta kröfum atvinnulífsins** | • Grunnmenntun í verslun og ferðaþjónustu. T.d. um almenna stærðfræði, framkomu, ensku, nærumhverfi, skyndihjálp.<br>• Íslenska fyrir fólk með annað tungumál sem móðurmál.<br>• Sérhæft nám t.d. um hótelstjórn, störf í gestamóttöku, veitingastjórn, viðburðastjórnun sölu og markaðssetningu og launamál.<br>• Námsleiðir FA svo sem Færni í ferðaþjónustu I og II og Verslunarfagnám.<br>• Þekking á gæðamálum.<br>• Matreiðsla og framreiðsla.<br>• Mannleg samskipti og þjónustulund.<br>• Bifvélavirkjun.<br>• Meirapróf ökuréttinda.<br>• Leiðsögunám.<br>• Rafeindavirkjun og tölvufærni.<br>• Trésmíði og fleiri iðngreinar.<br>• Járningar o.fl. tengt hestum. | • Rafvirkjun.<br>• Smíðar.<br>• Pípulagnir.<br>• Múrverk.<br>• Málmiðngreinar o.fl. hefðbundnar iðngreinar.<br>• Réttindi fyrir vélar og tæki.<br>• Meirapróf ökuréttinda<br>• Tæknimennun.<br>• Stjórnendanám.<br>• Íslenska fyrir fólk með annað tungumál sem móðurmál. | • Málmiðngreinar svo sem rennismíði, vélvirkjun og vélsmíði.<br>• Bifvélavirkjun.<br>• Tölvuþekking.<br>• Hagnýt námskeið svo sem í logsuðu, notkun leisermælitækja o.fl.<br>• Íslenska fyrir fólk með annað tungumál sem móðurmál. | • Kjötiðn.<br>• Fiskeldisgreinar.<br>• Sérhæfð fiskvinnsla.<br>• Mjólkurvinnsla.<br>• Ýmsar hefðbundnar iðngreinar.<br>• Gæðamál.<br>• Starfsmannamál.<br>• Stjórnun og rekstur.<br>• Gömul vinnubrögð og handverk.<br>• Námsleiðir FA svo sem Meðferð matvæla. | • Öll verkmenntun.<br>• Ýmiskonar iðnmenntun.<br>• Framhaldsmenntun í garðyrkju.<br>• Íslenska fyrir fólk með annað tungumál sem móðurmál.<br>• Grunnmenntun varðandi meðhöndlun matvæla.<br>• Námsleiðir FA svo sem Opin smiðja og Sterkari starfsmaður.<br>• Námskeið frá endurmenntunardeild LBHÍ. | • Undirstöðuþekking á myndlist og öðrum listgreinum.<br>• Styttri námskeið.<br>• Aukið val í framhaldsskólum.<br>• Listasmiðja með opinni vinnustofu.<br>• Nám sem byggir upp staðbundna þekkingu á héraðinu og hvernig má nýta möguleika sem í því eru fólgnir.<br>• Námsleiðir FA svo sem Opin smiðja og Sterkari starfsmaður. |

## Unga fólkið og væntingar þess

Ungt fólk á Suðurlandi byrjar ungt þátttöku í atvinnulífinu því nær allir nemendur 10. bekkjar og langflestir nemendur framhaldsskólanna voru á vinnumarkaðnum sumarið 2014. Flestar atvinnugreinar njóta starfskrafta einhverra fulltrúa þessarar framtíðarkynslóðar sumarlangt. Því er eftirtektarvert að stór hluti æskunnar telur sig ekki hafa nægjanlegar upplýsingar um atvinnulífið.

Langflestir í hópi grunnskólanema á lokaári eru farnir að hugleiða framhaldið. Nær tveir þriðju þeirra hyggjast fara í hefðbundnar stúdentsprófsbrautir framhaldsskóla, um fjórðungur sér fyrir sér að fara í iðnnám, starfsnám eða tækninám og rúm 9% hyggja á listnám. Dreifing innan þessara hópa er mikil þegar kemur að því að nefna einstakar námsleiðir. Hugur unga fólksins er því fjarri því að vera einsleitur. Rúmur meirihluti grunnskólanemanna hefur einnig hugleitt að fara í nám að loknum framhaldsskóla. Þegar spurt er um atvinnulífið hafa rúmlega tveir þriðju tíundubekkinga hugleitt í hvaða atvinnugrein þeir myndu vilja starfa í framtíðinni og er dreifingin milli atvinnugreina athyglisverð þar sem flest annað er valið en hinar gömlu grunnatvinnugreinar þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur.

Rúmur helmingur þeirra tíundubekkinga sem tóku afstöðu sjá fyrir sér að búa í heimabyggð sinni eða á Suðurlandi í framtíðinni en tæplega helmingur telja sig eiga góða atvinnumöguleika þar. Þarna koma þó sjávarútvegur og landbúnaður sterkar inn en í fyrri spurningu.

Um tveir þriðju hlutar foreldra tíundubekkinga telja, líkt og börnin, að þau muni velja að fara í bóknám til stúdentsprófs að loknum grunnskóla. Þetta er þó nokkuð misjafnt eftir svæðum innan Suðurlands. Athygli vekur að þegar spurt er um það hvaða nám foreldrar telji að gefi barninu besta möguleika í atvinnulífinu meta nær 54% þeirra að iðnnám, starfsnám eða tækninám muni nýtast þeim best. Nær 60% foreldra segjast ekki hafa áhrif á val barnsins á námsleið.

Nemendur framhaldsskólanna unnu einnig í flestum greinum atvinnulífsins sumarið 2014. Um 60% þeirra hyggja á háskólanám að loknum framhaldsskóla en um 40% geta hugsað sér að fara í ýmsar greinar iðnnáms, starfsnáms eða tækninám.

Um 70% þeirra framhaldsskólanema sem tóku afstöðu sjá fyrir sér að búa í heimabyggð sinni eða á Suðurlandi í framtíðinni og rúmlega helmingur teljur sig eiga góða atvinnumöguleika þar í mörgum atvinnugreinum.

Þetta eru meðal þeirra atriða sem koma fram í svörum nemenda og foreldra á Suðurlandi í netkönnunum sem fram fóru í tengslum við þetta verkefni. Nánari úrvinnslu kannananna má sjá í lokakafla skýrslunnar.

## Samræðan við atvinnulífið

Meðfylgjandi samantekt er endurómur af fundum með einstaklingum úr atvinnulífinu á Suðurlandi. Þessar raddir eiga ekki endilega samhljóm í hverju einasta fyrirtæki í landshlutanum en forsvarsmenn flestra þeirra munu þó að líkindum geta tekið undir margt sem hérna kemur fram.

Landshlutinn Suðurland skiptist í raun í mörg ólík svæði. Það er mikil breidd í atvinnulífinu og meirihluti starfandi fyrirtækja eru lítil, jafnvel einyrkjafyrirtæki. Þó eru stór og öflug fyrirtæki einnig til. Sjávarútvegur einkennir sum svæði, landbúnaður önnur og verslun, þjónusta og byggingariðnaður enn önnur. Þá er ferðaþjónusta vaxandi í öllum landshlutanum. Misjafnlega gengur að manna störf í einstökum atvinnugreinum. Flestar þeirra þurfa þó að byggja að hluta eða miklu leyti á aðkomnu vinnuafli.

Atvinnuleysi á Suðurlandi er komið niður í 2%. Eftir situr hópur, að talsverðu leyti yngra fólk, sem á ekki alltaf auðvelt með að fóta sig í vinnu. Í þessum hópi liggur áhugi kvenna meðal annars í því að stofna eigin smárekstur meðan karlarnir geta hugsað sér að vinna við viðgerðir á tölvum, forritun o.fl. Margir einstaklingar í þessum hópi eru brenndir af áföllum í hefðbundnu bóknámi og hafa ekki enn fundið fjölina sína. Meðal eldra fólks í hópnum er meira horft til almennra skrifstofu-, verslunar- og verkamannastarfa. Samhliða markvissri ráðgjöf til fólks í atvinnuleit þyrfti að huga sérstaklega að því að efla námsráðgjöf og námsframboð fyrir þennan hóp.

Ímynd iðn- og verkgreina er mjög misjöfn. Hugsanlega hefur umfjöllun í fjölmiðlum áhrif á aðsókn að einstökum greinum. Endurteknar fréttir af íslenska kokkalandsliðinu kunna til dæmis að valda því að viðunandi aðsókn er að matreiðslunámi. Hefðbundnar greinar eins og múrverk, pípulagnir, mjólkurfræði o.fl. líða fyrir litla aðsókn að námi.

Það er þörf fyrir aukið framboð á verkmenntun í öllum þeim greinum atvinnulífsins sem eru til umfjöllunar hér. Jafnframt er almennur áhugi á því meðal fyrirtækja að taka meiri þátt í menntun starfsmanna. Hugsanlega vantar almennan fræðslugrunn sem fyrirtæki geta nýtt sér eða gengið að fyrir almenna starfsmenn. Atvinnulífið þarf þó að koma óskum sínum skýrar á framfæri við fræðsluaðila og fyrirtæki þurfa almennt að vera tilbúnari að bjóða starfsfólki að sækja námskeið í vinnutíma sínum. Með því er verið að færa fræðslu til fólksins á markvissari hátt.

Uppbygging atvinnulífs og viðhorf í einstökum héruðum getur haft áhrif á val ungs fólks á menntaleiðum. Það þarf að eiga sér stað almenn og víðtæk viðhorfsbreyting hjá íbúum, starfsfólki og fyrirtækjum varðandi nám almennt. Það þarf almenna viðurkenningu atvinnulífsins til náms og forgangsröðun í þágu aukinnar starfsmenntunar starfsfólks. Þá er vitneskju ungmenna um atvinnulífið ábótavant. Það er á ýmsan hátt hægt að bæta fræðslu til ungmenna um vinnumarkað og gildi vinnu.

Hefð er fyrir almennu og fjölbreyttu grunnnámi fyrir fiskvinnslufólk. Af hverju hefur það ekki verið innleitt í meira mæli í öðrum greinum? Áherslu á menntun vantar í kjarasamninga margra hópa. Þar þarf að tryggja að starfsfólk hafi hag af því að sækja slík grunnnámskeið. Til lengri tíma er hagur fyrirtækja af slíku fyrirkomulagi einnig ótvíræður. Loðdýrarækt er stundum nefnd sem dæmi um atvinnugrein þar sem afurðirnar myndu falla í verði ef starfsfólk í greininni færi ekki reglulega í endurmenntun.

Í mörgum greinum vantar einnig þjálfun fyrir yfirmenn, millistjórnendur o.fl. til þess að styrkja viðkomandi rekstur, annast mannahald o.s.frv.

Það örlar á fordómum eða fyrirvörum gagnvart styttri námsleiðum í mörgum atvinnugreinum. Þær eru á einhvern hátt taldar ógna hefðbundnu iðnnámi sem lýkur með sveinsprófi eða álíka réttindum og gjaldfella faglegar kröfur viðkomandi faga.

Í listgreinum og hönnun eru mörg vannýtt tækifæri. Margt fólk sem er í handverki og hönnun hefði einnig áhuga á að mennta sig betur.

## Ferðaþjónusta. Verslun og þjónusta

Ferðaþjónusta er ung en afar fjölbreytt atvinnugrein. Vöntun á grunnmenntun setur nokkurn svip á greinina. Vaxandi áhersla er þó á gæðamál og mörg fyrirtæki eru þar til fyrirmyndar. Vakinn, gæðakerfi ferðaþjónustunnar, verður leiðarljós á þeirri vegferð.

Ferðaþjónustan er orðin heilsársgrein og því ber að gera meiri kröfur til fagmennsku innan hennar. Þó er það ekki almennt viðurkennt innan greinarinnar að það þurfi sérhæfða menntun til þess að reka ferðaþjónustufyrirtæki eða starfa í greininni. Starfsfólk í í litlum og meðalstórum fyrirtækjum er oft látið ganga í flest störf.

Það er skortur á fagkunnáttu, sérstaklega í matreiðslu og þjónustu. Þá þarf að leggja meiri rækt við mannleg samskipti og góða þjónustulund. Innflutningur á (ódýru) erlendu vinnuafli hlýtur að minnka smám saman enda vilja erlendir ferðamenn væntanlega helst eiga samskipti við Íslendinga í heimsókn sinni til Íslands! Of lág laun fæla Íslendinga frá því að vinna í greininni. Til þess að hægt sé að hækka launin þarf að auka framlegð fyrirtækjanna, þá fer fólk að laðast að greininni.



Litlar verslanir hafa átt erfitt eftir hrun og þurfa að treysta á sérstöðu sína. Aðaláhersla í menntun starfsfólks verslana þarf að vera á mannleg samskipti og þjónustulund. Einnig fræðsla um það hvernig á að takast á við mismunandi framkomu fólks. Of algengt er að ungt fólk sé sett í framlínu verslana og ferðaþjónustu án þjálfunar og handleiðslu. Það á einnig við um fólk með erlendan uppruna sem hefur farið í íslenskunám en fær svo e.t.v. enga frekari fræðslu.

Fólk stendur frekar illa í almennri kunnáttu svo sem í prósentureikningi. Stutt námskeið í verslunar- og þjónustugreinum gæti samanstaðið af grunni í almennri stærðfræði, framkomu, ensku, landafræði, fræðslu um nærumhverfi, skyndihjálp o.s.frv.

Starfsfólk þarf að fá umbun í launum fyrir að sækja námskeið á sviði viðkomandi fyrirtækis; enda fá fyrirtækin betri starfskrafta fyrir vikið.

**Í hnotskurn. Þarfir ferðaþjónustu og verslunar og þjónustu fyrir þekkingu:**

- Fyrirtæki í ferðaþjónustu og verslun hafa þörf fyrir mjög fjölbreytta verkmenntun fyrir utan grunnþekkingu á tungumálum, þjónustuviðmóti, hjálp í viðlögum, öryggismálum o.fl.
- Þar má nefna bifvélavirkjun, meirapróf ökuréttinda, leiðsögumannanám, rafeindavirkjun, trésmíði, járningar, tölvufærni, matreiðslu, framleiðslu og gæðamál.
- Hótelstjórn, veitingastjórn, gestamóttaka, viðburðastjórnun og launamál eru einnig dæmi um starfs- og verknám sem æskilegt væri að bæta aðgengi að því. Framboð á slíkri sérhæfðri menntun er ekki nægilegt að mati greinarinnar.
- Fyrirtæki í greininni telja sig hafa góða möguleika á að veita starfsfólki almenna fræðslu og senda það á slík námskeið. Þau telja sig hafa nýtt sér slíkt námsframboð sem er í boði á Suðurlandi í nokkru mæli m.a. hjá Fræðslunetinu og segjast einnig sjálf standa fyrir almennri fræðslu fyrir starfsfólk sitt.
- Fyrirtæki í ferðaþjónustu eru almennt áhugasöm um að taka við nemendum í starfsnám og hafa sum hver gert það.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í ferðaþjónustu á Suðurlandi spurð hvort þau teldu að greinin þyrfti á aukinni menntun starfsfólks að halda. Nær allir svöruðu því játandi.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í ferðaþjónustu á Suðurlandi spurð á hvaða stigi menntunar þörf greinarinnar lægi helst. Mesta þörfin reyndist fyrir sérhæfð námskeið og starfsnáms- og iðnnámsmenntun á framhaldsskólastigi.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í ferðaþjónustu á Suðurlandi spurð hvort þau teldu að tilgreindar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins myndu nýtast þeim væru þær kenndar í símenntunarmiðstöðvum. Mestur áhugi reyndist fyrir námsleiðunum Færni í ferðaþjónustu I og II en einnig var áhugi á ýmsum öðrum námsleiðum.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í ferðaþjónustu á Suðurlandi spurð að því hvaða sérhæfða menntun eða námskeið myndu nýtast því best. Mestur áhugi var fyrir námskeiði um móttöku ferðamanna og þjónustu við þá en einnig var áhugi á fleiri námskeiðum sem tilgreind voru.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í ferðaþjónustu á Suðurlandi spurð að því hvaða almenna menntun eða námskeið myndum nýtast þeim best. Námskeið um þjónustulund og samskipti, eskunámskeið og námskeið um vinnugleði og skyndihjálp voru meðal þeirra sem margir merktu við.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í verslun og þjónustu á Suðurlandi spurð hvort þau teldu að greinin þyrfti á aukinni menntun starfsfólks að halda. Allir svöruðu því játandi.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í verslun og þjónustu á Suðurlandi spurð á hvaða stigi menntunar þörf greinarinnar lægi helst. Mesta þörfin reyndist fyrir sérhæfð námskeið og starfsnáms- og iðnnámsmenntun.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í verslun og þjónustu á Suðurlandi spurð hvort þau teldu að tilgreindar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins myndu nýtast þeim væru þær kenndar í símenntunarmiðstöðvum. Mestur áhugi reyndist fyrir námsleiðinni Verslunarfagnám en einnig var áhugi á ýmsum öðrum námsleiðum.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í verslun og þjónustu á Suðurlandi spurð að því hvaða sérhæfða menntun eða námskeið myndu nýtast þeim best. Mestur áhugi var fyrir námskeiði um sölu og markaðssetningu en einnig var áhugi á fleiri námskeiðum sem tilgreind voru.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í verslun og þjónustu á Suðurlandi spurð að því hvaða almenna menntun eða námskeið myndu nýtast þeim best. Námskeið um þjónustulund og samskipti, vinnugleði og Exel voru meðal þeirra sem margir merktu við.

## Byggingariðnaður

Byggingariðnaður er fjölbreytt atvinnugrein. Hefðbundnar iðngreinar eins og smíðar, rafvirkjun, múrverk og pípulagnir eru gjarnan settar saman sem byggingargreinar en einnig verktakastarfsemi og ýmis framleiðsla. Hér eru margskonar fyrirtæki, allt frá einyrkjum og til stórra öflugra verktaka- eða framleiðslufyrirtækja. Greinin galt afhroð í hruninu og margir einstaklingar hafa horfið úr henni, ýmist til útlanda eða til annarra starfa.

Það vantar iðnaðarmenn í nær allar greinar byggingariðnaðar. Menn spyrja sig gjarnan: Hvað er það sem ræður vali fólks í nám? Er námssamningskerfið hindrun? Það er oft vitnað til þess að það sé miklu virkara lærlingakerfi í Þýskalandi.

**Í hnotskurn. Þarfir byggingariðnaðar fyrir þekkingu:**

- Fyrirtæki í greininni hafa þörf fyrir starfsfólk með mjög fjölbreytta iðn- og verkmenntun svo sem rafvirkja og smiði. Einnig vélamenn, bílstjóra, menn með réttindi fyrir vélar og tæki, málmiðnaðarmenn og tæknimenntað fólk.
- Eins og staðan er í dag er þó íslenskukennsla lang mikilvægust þar sem mjög hátt hlutfall af ófaglærðu starfsfólki í greininni er af erlendu bergi brotið. Hugsanleg leið til þess að fjölga þátttakendum á íslenskunámskeiðum er að bjóða stærri fyrirtækjum að fá námskeiðin beint til sín.
- Framboð á iðn- og verkmenntun í byggingariðnaði er ekki fullnægjandi að mati fyrirtækja í greininni.
- Mörg fyrirtæki telja sig geta haft gagn stjórnendanámskeiðum.
- Fyrirtæki telja sig almennt hafa góða möguleika á að veita starfsfólki menntun og senda það á námskeið ef hagur beggja er augljós. Þó er ekki mikið þol innan greinarinnar að missa starfsfólk úr vinnu dögum saman.
- Fyrirtæki í byggingariðnaði segjast ekki hafa nýtt sér það námsframboð sem er í boði á Suðurlandi að undanförnu. Sum þeirra hafa þó sjálf staðið fyrir fræðslu fyrir starfsfólk sitt.
- Fyrirtæki í greininni þekkja til Fræðslunetsins en telja að það megi skírskota meira til atvinnulífsins. Fyrirtækin eru áhugasöm um að taka við nemendum í starfsnám og hafa sum hver gert það.

## Málm- og véltækniiðnaður. Bílgreinar. Tæknigeiri

Það vantar fagmenntað fólk í flest fyrirtæki í málm- og véltæknigreinum, bílgreinum og tæknigeira. Það er nauðsynlegt að viðhalda sérhæfðu fólki, sérstaklega í þjónustu við sjávarútveginn en þar er málmiðnaður öflugastur, þ.e. í sjávarplássum.

Í bílgreinum eru miklar og örar framfarir og breytingar kalla á stöðuga endurmenntun.

Það vantar sárlega menntað fólk á sviði rafiðna þrátt fyrir talsverða nýliðun árlega. Mikill flótti hefur verið úr greininni undanfarin ár. Kaupmáttarrýrnun í landinu hefur stuðlað að atgervis- og þekkingarflótta.

Ýmis fyrirtæki eru mönnuð erlendu starfsfólki að miklu leyti. Launin lækka við það. Með erlendu vinnuafli hættir einnig innlend þekkingarsöfnun í greinunum og reynslugrunnur atvinnulífsins verður veikari.

**Í hnotskurn. Þarfir málm- og véltækniiðnaðar, bílgreina og tæknigeira fyrir þekkingu:**

- Fyrirtæki í greinunum hafa þörf fyrir starfsfólk með iðn- og verkmenntun svo sem í málmiðnaði, rennismíði, vélvirkjun, vélsmíði og bifvélavirkjun. Starfsmenn í öllum þessum greinum þurfa svo að hafa ákveðna tölvuþekkingu. Framboð á slíkri menntun á Suðurlandi er takmarkað að mati fyrirtækjanna.
- Það vantar fleiri hagnýt námskeið. Dæmi: Logsuða, notkun leisermælitækja o.s.frv.
- Misjafn er hvort fyrirtæki telja sig hafa möguleika á að veita starfsfólki menntun og senda það á námskeið. Fá slík námskeið bjóðist á Suðurlandi.
- Fyrirtæki í málm- og véltækniiðnaði telja sig hafa nýtt sér það námsframboð sem er í boði á Suðurlandi andstætt fyrirtækjum í bílgreinum. Fyrirtækin standa sjálf fyrir fræðslu fyrir starfsfólk sitt að vissu marki.
- Fyrirtæki í greinunum þekkja lítið til Fræðslunetsins, eru almennt áhugasöm að taka við nemendum í starfsnám og hafa sum hver gert það.

## Matvælaiðnaður og nýsköpun

Matvælaiðnaður á sterkar rætur á Suðurlandi og er ein af undirstöðuatvinnugreinum landshlutans. Í greininni er mikill og vaxandi skortur á fagmenntuðu fólki. Það bráðvantar til dæmis mjólkurfræðinga í þetta mesta mjólkurframleiðsluhérað landsins.

Hvað veldur? Vantar ytri þrýsting á greinina að auka hlut fagfólks og þar með áherslu á fagmennsku? Til dæmis frá kaupendum eða eftirlitsaðilum?

Nýsköpun á Suðurlandi á sér stað í mörgum greinum. Í matvælavinnslu er mikil gróska og nýjungar líta sífellt dagsins ljós. Nýsköpunar- og þróunarverkefni í samstarfi við Matís hafa gengið vel. Margt í ferðaþjónustu og smá-matvælavinnslu telst til nýsköpunar eða vaxtarbrodda.

**Í hnotskurn. Þarfir matvælaiðnaðar og nýsköpunar fyrir þekkingu:**

- Fyrirtæki í greininni hafa mikla þörf fyrir starfsfólk með fjölbreytta verkmenntun, hvert á sínu sérsviði. Hér má nefna kjötiðn, fiskeldi, fiskvinnslu, mjólkurvinnslu. Framboð á slíkri menntun er aðeins að hluta til staðar.
- Margvíslega þekkingu þarf að auka til þess mæta þörfum fyrirtækja í greininni auk sérþekkingar á sviði hvers og eins. Hér má nefna gæðamál, starfsmannamál og þekkingu á gömlum vinnubrögðum og handverki.
- Fyrirtæki telja sig hafa þokkalega möguleika á að veita starfsfólki menntun og senda það á námskeið en fæst þeirra hafa nýtt sér það námsframboð sem er í boði á Suðurlandi.
- Misjafnt er hvort fyrirtæki standa sjálf fyrir fræðslu fyrir starfsfólk sitt. Flest þeirra telja sig þekkja til Fræðslunetsins, eru mjög áhugasöm um að taka við nemendum í starfsnám en hafa fæst gert það hingað til.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í matvælavinnslu á Suðurlandi spurð á hvaða stigi menntunar þörf greinarinnar lægi helst. Mesta þörfin reyndist fyrir sérhæfð námskeið og starfsnáms- og iðnnámsmenntun.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í matvælavinnslu á Suðurlandi spurð hvort þau teldu að tilgreindar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins myndu nýtast þeim væru þær kenndar í símenntunarmiðstöðvum. Mestur áhugi reyndist fyrir námsleiðinni Meðferð matvæla en einnig var áhugi á ýmsum öðrum námsleiðum.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í matvælavinnslu á Suðurlandi spurð að því hvaða sérhæfða menntun eða námskeið myndu nýtast þeim best. Mestur áhugi var fyrir námskeiði um vinnslu og meðhöndlun hráefnis og matvæla og námskeiði um stjórnun og rekstur.

## Ylrækt og garðyrkja

Á Suðurlandi er mjög hátt hlutfall af garðyrkjuframleiðslu landsins. Nýliðun í greininni er eitt helsta áhyggjuefnið. Það er erfitt fyrir ungt eða nýtt fólk að hefja starfsemi og ráðast í mikla fjárfestingu. Í garðyrkju eru að jafnaði mun stærri fyrirtæki en í hefðbundnum landbúnaði.

Miklir möguleikar eru í ylrækt. Gæði innlendrar vöru eru markaðssett sérstaklega og neytendur taka innlendum vörum vel. Enn eru mikil tækifæri í grænmetisframleiðslu til þess að uppfylla þarfir íslenska markaðarins. Þetta er gjaldeyrissparandi atvinnugrein.

Garðyrkjuskólinn á Reykjum er helsta menntastofnun greinarinnar. Hann á nokkuð undir högg að sækja vegna fjárskorts og af fleiri ástæðum. Meðalaldur nemenda er um 30 ár. Markaður fyrir menntað garðyrkjufólk er mettaður í ýmsum greinum, t.d. blómaskreytingum. Reynslan sýnir að menntaður fagmaður hvetur til þess að ýmis verkefni fari af stað á starfssvæði viðkomandi. Erfitt getur reynst að komast í verknám eftir bóknám í Garðyrkjuskólanum. Til verður hópur sem hefur ekki lokið verknámi. Fagráð úr greininni eru starfandi við skólann. Það hefur gefist vel.

Styttri starfsnámsbrautir hafa ekki þróast við skólann og er óvíst hvort þörf sé fyrir slíka millimenntun. Garðyrkja er hins vegar matvælaiðnaður, því ætti að vera sjálfsagt að starfsfólk hefði einhverja grunnmenntun. Garðyrkjan er mikið til mönnuð af fólki með erlendan bakgrunn. Það er líka einkenni greinarinnar á Norðurlöndum. Eftir íslenskunámskeið þyrfti að taka við ákveðið þjálfunar- og fræðsluferli hjá þessu fólki. Í samkeppni um vinnuafl hefur garðyrkjan ekki burði til þess að bjóða há laun. Til að bæta úr þessu þarf að bæta afkomu greinarinnar. Á þessu eru misjafnar skoðanir og ýmis fyrirtæki telja sig best sett með innlent, reynslumikið vinnuafl.

**Í hnotskurn. Þarfir ylræktar og garðyrkju fyrir þekkingu:**

- Fyrirtæki í greininni hafa mikla þörf fyrir starfsfólk með verkmenntun. Framboð á slíkri menntun takmarkast að mestu við Garðyrkjuskólann.
- Það vantar einnig fólk með framhaldsmenntun í garðyrkju.
- Þá er þörf fyrir íslenskumælandi fólk með reynslu og þekkingu.
- Fyrirtæki telja sig ekki hafa góða möguleika á að senda ófaglært starfsfólk á námskeið til þess að gera það hæfara til starfa. Þau fræða starfsfólk sjálf um vinnubrögð, meðferð varnarefna o.fl.
- Fyrirtæki í greininni þekkja til Fræðslunetsins, eru mjög áhugasöm að taka við nemendum í starfsnám og hafa flest gert það.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í landbúnaði og garðyrkju á Suðurlandi spurð að því á hvaða stigi menntunar þörf greinarinnar lægi helst. Mesta þörfin reyndist fyrir sérhæfð námskeið og starfsnáms- og iðnnámsmenntun.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í landbúnaði og garðyrkju á Suðurlandi spurð hvort þau teldu að tilgreindar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins myndu nýtast þeim væru þær kenndar í símenntunarmiðstöðvum. Mestur áhugi reyndist fyrir námsleiðunum Opin smiðja og Sterkari starfsmaður en einnig var áhugi á ýmsum öðrum námsleiðum.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki í landbúnaði og garðyrkju á Suðurlandi spurð hvort þau teldu að námsframboð Landbúnaðarháskóla Íslands og endurmenntunardeildar hans gætu nýst þeim. Rúmlega 80% aðspurða töldu svo vera.

## Menning og skapandi greinar

Skapandi greinar, hönnun, listir og menningarstarfsemi er fjölbreytt og vaxandi atvinnugrein. Gallerý, söfn, setur, sýningar, hönnunarfyrirtæki og listasmiðjur spretta upp og auðga mannlífið og tryggja varðveislu á menningararfi í fortíð og nútíð.

Í könnun árið 2013 töldu aðilar innan þessarar fjölbreyttu greinar eftirfarandi atriði meðal forgangsatriða í menntunarmálum:

- Að auka sveigjanleika í kerfinu. Akademískt frelsi.
- Aðgengi að fjarnámi á framhalds- og háskólastigi og aðgengi að námi fyrir fólk í dreifbýli.
- Almenn undirstöðuþekking á myndlist bæði innlendri og erlendri. Læra að njóta og rýna til gangs og láta það vera kveikju að frekari sköpun.
- Auka aðgang að styttri námskeiðum og kynningu á þeim.
- Auka gæði þeirrar kennslu sem er þegar í boði og gera meiri kröfur til nemenda.
- Aukin menntun, fjölbreyttari tækifæri.
- Fjölbreyttara val í framhaldsskólum og einnig í framboði námskeiða varðandi menningu og listir.
- Góðir kennarar!
- Koma á laggirnar einhverskonar listasmiðju þar sem listamenn eru með opna vinnustofu og maður gæti fengið að prufa sig áfram undir handleiðslu.Listaukandi námskeið sem gefa fólki aukna sjálfsvirðingu - einnig almenn heilun og sjálfsrækt og nýting fæðu úr næsta nágrenni.
- Markviss starfstengd kennsla í bókasafnskerfinu Gegni áður en störf hefjast.
- Matargerð og vöruþekking. Allt sem varðar ferðamál.
- Nám sem byggir upp staðbundna þekkingu á héraðinu og hvernig má nýta möguleika sem í því eru fólgnir
- Skapandi námskeið fyrir alla aldurshópa og stafræn námskeið.
- Tungumálakunnátta og framkoma. Tölvufærni, samskipti, þjónusta og hópavinna, markmiðasetning.

## Á hvaða stigi menntunar liggur helst þörf menningar og skapandi greina?




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki og einstaklingar í menningu og skapandi greinum spurð á hvaða stigi menntunar þau teldu að þörf atvinnugreinarinnar lægi. Lang flestir merktu við sérhæfð námskeið en einnig merktu margir við háskólanám og starfsnám, iðnám og listgreinar á framhaldsskólastigi.

## Telur þú að einhver neðangreindra námsleiða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins myndu nýtast þér/rekstri þínum?




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki og einstaklingar í menningu og skapandi greinum spurð á hvort þau teldu að tilgreindar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins myndu nýtast væru þær kenndar hjá símenntunarmiðstöðvum. Lang flestir merktu við Opna smiðju og Sterkari starfsmann.




Í könnun árið 2013 voru fyrirtæki og einstaklingar í menningu og skapandi greinum spurð hvaða sérhæfða menntun eða námskeið myndu nýtast greininni best. Flestir merktu við námskeið um styrki og fjármögnun verkefna, um stjórnun og rekstur og um sölu og markaðssetningu.

## Ábendingar um áherslur og samráð

Í samræðu við atvinnulífið hér að framan komu fram fjölmargar ábendingar um ýmislegt sem gæti eflt iðn-, verk- og tæknimenntun á Suðurlandi. Hér á eftir er drepið á helstu þættina sem nefndir voru:

- Það þarf að auka framboð á verkmenntun í flestum greinum atvinnulífsins.
- Það má gera margt til þess að auka samráð aðila á Suðurlandi. Áhugi er til staðar hjá öllum; atvinnulífi, verkalýðshreyfingu og menntastofnunum. Slíkt samráð yrði mikilvægur vettvangur. Til dæmis er mikilvægt að nýta stéttarfélögin betur. Þar er áhugasamt fólk með brennandi metnað fyrir aukinni menntun í atvinnulífinu. Einnig að kalla meira og markvissara eftir vilja og þörfum atvinnulífsins. Hvað vilja fyrirtækin? Það er áhugi hjá fræðslustofnunum að koma til móts við þær þarfir. Aðilar að slíku samráði gætu verið fjölmargir svo sem:
    - Fræðslu- og menntastofnanir: Fræðslunetið, Viska, Iðan, framhaldsskólar, Garðyrkjuskólinn o.fl.
    - Atvinnulíf: Félög innan atvinnulífsins eins og Samband garðyrkjubænda, SAF, Atorka og SA. Vinnumálastofnun, stéttarfélög o.fl.
- Atvinnulífið þarf að vera virkari þátttakandi í mótun náms. Það gæti t.d. gerst með því að:
    - Einstök fyrirtæki og félög komi óskum sínum á framfæri við fræðslustofnanir.
    - Fulltrúar símenntunarmiðstöðva heimsæki fyrirtæki og stofnanir í því skyni að hlusta eftir röddum fólks í atvinnulífinu.
    - Stofna fagráð einstakra atvinnugreina sem starfi að þróun og uppbyggingu náms með fræðslustofnunum.
    - Fyrirtæki nýti sér starfsmenntasjóði atvinnugreina í meira mæli.
- Í þessu samhengi er vert að minna á að í Sóknaráætlun fyrir Suðurland er verið að vinna í samráðshópum atvinnulífs, stéttarfélaga og fræðslustofnana að bættum tengslum milli atvinnulífs og menntastarfs.
- Það er hægt að auka samvinnu fyrirtækja og menntastofnana t.d. með því að nýta í auknu mæli aðstöðu fyrirtækja til verklegrar kennslu.
